



## Náms- og kennsluáætlun - vorönn 2021

### TEIK2HH05 TEH 2036

#### Undanfari TEIK2HS05 (TEH 103)

<b>Kennari</b>	Björn Sturlaugsson (bjorn.sturlaugsson hjá fss.is)
<b>Viðtalstími</b>	Föstudag kl. 10:25 – 11:05
<b>Kennsluefni</b>	Byggingareglugerð, bókin Húsasmiði – timburhús eftir Anders Frøstrub, verkefni og ljósrit frá kennara.
<b>Áhöld og efni</b>	Teikniblýantar/fallblýantar 0,30 eða 0,35 og 0,5 (0,35 4H og 0,5 2H), teiknipappír A2 (10 arkir), teiknihorn; 30° / 60° og 45°, hringfari, strokleður, rúðustrikuð blöð, reglustika ca. 30 sm., límband, línuveiðari, vasareiknir og þrístrendur kvarði með mælikvörðunum 1:5, 1:20, 1:50, 1:100.
<b>Áfangalýsing</b>	Nemendur fá áframhaldandi þjálfun í lestri og gerð byggingateikninga en nú með áherslu á timburhús og þakvirki. Haldið er áfram umfjöllun um almenna byggingaupprætti en samhliða koma einnig burðarvirkisupprættir þar sem m.a. er komið inn á ýmiss konar álag á byggingar og brunahönnun. Fjallað er um algengustu útfærslur burðarvirkja úr tré, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur, verklýsingar með tilliti til m.a. efniskrafna og einangrunar. Nemendur kynnast mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og fá þjálfun í gerð efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara.

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst. á viku	60 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 30 mín. (ca. 20 mín. á dag í 4 daga)	30 klst.
Undirbúningur f. 2 kannanir	2 x 4 klst.	8 klst.
<b>Alls</b>		<b>98 klst. = 5 ein*</b>

*Viðmið um fjölda eininga	
Einingar	Tímafjöldi í vinnu meðalnemanda í áfanga
1 ein	18 - 24 klst.
2 ein	36 - 48 klst.
3 ein	54 - 72 klst.
4 ein	72 - 96 klst.
5 ein	90 - 120 klst.

**Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma.** Sjá skólasóknarreglur.

Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi nemandi án námsgagna í tíma.

Nemendur hafa fjóra daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)!

**Þetta er áætlun, kennari áskilur sér rétt til frávika frá þessari áætlun!**

Ath. einstök verkefni hafa ekki sama vægi!

(vægi verkefna hækkar eftir því sem þau verða viðameiri)

<p><b>Þekking</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• uppbyggingu timburhúsa</li> </ul>	<p><b>Hæfni</b></p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• teikna í ýmsum mælikvörðum</li> <li>• lesa og fara eftir teikningum við smíði timburhúsa.</li> </ul>
<p><b>Leikni</b></p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti teiknað og málsett einfaldar teikningar timburhúsa.</li> </ul>	

<p><b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b></p>	<p>Áfanginn er án lokaprófs. <b>Nemandi þarf að ljúka öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun auk þess að ná lágmarki úr könnunum.</b> Einkunn fyrir verkefnavinnu gildir jafnt á við samanlagðar einkunnir úr tveimur könnunum (kaflapróf). Kennari <b>áritar</b> (samþykkir) <b>verkefni jafnóðum og þeim er lokið</b> og skal <u>nemandi hafa lokið tilgreindum verkefnum samkv. verkefnayfirliti og fyrir hvora könnun.</u> Einkunn undir 5 úr kaflaprófum er ófullnægjandi og þ.a.l. telst verkefnaeinkunn ógild.</p>
---	--

Heiti	Vægi
Verkefnavinna (ástundun viðvera/mæting, virkni í tímum/vinnubrögð og frágangur)	50%
Tvær kannanir	50%

<p><b>Reglur áfanga</b></p>	<p><b>Slökkt skal vera á farsísum í kennslustund!</b>  <u>Teikniáfangar eru að stærstum hluta verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemandi ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu.</u></p>
-----------------------------	---

<p><b>Lokamarkmið</b></p>	<p>Getu teiknað og málsett einfaldar húsa- og húshlutateikningar. Sýnt snið, lárétt og lóðrétt, af þak- og húshlutum o.fl. Getu teiknað í mismunandi mælikvörðum.</p>
---------------------------	---

<p><b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b></p>	<p>Ekkert lokapróf er í áfanganum en nemandi tekur tvær kannanir á önninni að <b>undanskyldum kröfum um að hafa lokið þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hverju sinni.</b> Verkefni áfangans skulu unnin í tímum <u>ekki er tekið á móti verkefnum sem unnin hafa verið utan kennslutíma.</u> Ætlast er til að nemandi undirbúi sig utan tíma (heimavinna) með því að skoða og reyna að átta sig á því sem teikna á, þ.e. geri uppkast/riss af verkefninu á t.d. rúðustrikað blað. Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma s.s. fikt við síma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma.</p>
---	---

**TEIK2HH05 TEH 2036**

Kennsluvikur.	Verkefni nr.	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 6. - 8. janúar	1	Grunnmynd af húsi Mkv.: 1:50	
<b>2. vika</b> 11. - 15. janúar	1a	Grindarteikningar Mkv.: 1:50	Verkefni 1
<b>3. vika</b> 18. - 22. janúar	1a	Grindarteikningar Mkv.: 1:50	
<b>4. vika</b> 25. - 29. janúar			Verkefni 1a
<b>5. vika</b> 1. - 5. febrúar	2	Kraftsperra Mkv.: 1:50 og 1:20	
<b>6. vika</b> 8. - 12. febrúar	3	Þakkvistur Mkv.: 1:20	Verkefni 2
<b>7. vika</b> 15. - 19. febrúar	4	Lóðréttur skurður í timburvegg Mkv.: 1:5	Verkefni 3
<b>8. vika</b> 22. - 26. febrúar	5	Láréttur skurður í timburvegg Mkv.: 1:5 og samkvarðamynd /30/30	Verkefni 4
<b>9. vika</b> 1. - 5. mars	5	Láréttur skurður í timburvegg Mkv.: 1:5 og samkvarðamynd /30/30	Verkefni 5
<b>10. vika</b> 8. - 12. mars	6	Lóðréttur skurður í vegg (gluggi og þak) Mkv.: 1:5	
<b>11. vika</b> 15. - 19. mars	6	Lóðréttur skurður í vegg (gluggi og þak) Mkv.: 1:5	
<b>12. vika</b> 22. - 26. mars <b>Páskafri</b>			Verkefni 6
<b>13. vika</b> 6. - 9. apríl	7	Grunnmynd af steyptu húsi	<b>Könnun</b>
<b>14. vika</b> 12. - 16. apríl			Verkefni 7
<b>15. vika</b> 19. - 23. apríl Sumard. fyrsti	7b	Útlitsmyndir af steyptu húsi	
<b>16. vika</b> 26. - 30. apríl		Útlitsmyndir af steyptu húsi	Verkefni 7b
<b>17. vika</b> 3. - 6. maí		Lokafrágangur	

**9 verkefnablöð**

*Skipting eftir dagatali vorannar.*

***Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf***

*Björn Sturlaugsson*